

um föngum, sem úrskurðaðir höfðu verið í gæsluvarðhald vegna framangreinds máls. Getur hann ekki borið um, hvað rætt var í hverju einstöku símtali, og er honum ekki unnt að staðfesta þau ummæli, sem eftir honum eru höfð í dagbókinni frá 3. mars sl. Þótt ummælin væru rétt eftir höfð, felst ekki í þeim, að dómsformaður hafi tekið neina þá afstöðu í málinu, er geri hann óhæfan til meðferðar þess. Dómsformaður vikur því ekki sæti.

Úrskurðarorð:

Dómsformaður, Gunnlaugur Briem, vikur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 164/1977. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Antonssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 21. september 1977, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar að því er ætla má í því skyni, að hinu kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 23. þ. m., sem barst Hæstarétti sama dag, er af ákærvaldsins hálfu gerð sú dómkrafa, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. september 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 21. september, er á dómþingi saka-
dóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu
Benediktsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi.

Þann 20. júlí sl. var kærði, Guðmundur Antonsson, úrskurðaður
í gæsluvarðhald í sakadómi Reykjavíkur allt til kl. 1740 í dag
svo og til að sæta geðheilbrigðisrannsókn vegna rannsóknar á láti
Hrafns Jónssonar, sem lést af völdum áverka í fangageymslu lög-
reglunnar í Reykjavík að kvöldi þess 19. júlí sl. Kærði hefur
játað að hafa ásamt Grétari Þ. Vilhjálmsyni lent í átökum við
Hrafn, barið hann og brugðið ól um háls hans og hert að.

Í niðurstöðu réttarkrufningar á líki Hrafns Jónssonar, dags. 21.
júlí sl., segir m. a.: „Við krufningu sáust áverkar á hálsi, sem
benda til þess, að hert hafi verið að hálsi mannsins Telja
verður, að maðurinn hafi látist af samverkan áverkanna á hálsi og
alkóhóls“.

Rannsókn ofangreinds máls er á lokastigi, en niðurstaða geð-
rannsóknar liggur ekki fyrir. Kærði er heimilislaus drykkju-
sjúklingur.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1., 3. og 4. tl. 67. gr.
laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu rík-
isins um framlengingu á gæsluvarðhaldi kærða til greina, þannig
að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til mið-
vikudagsins 23. nóvember n. k. Brot það, sem kærði er sakaður
um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla
almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því skilyrði 65. gr.
stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald það, sem kærði, Guðmundur Antonsson, var
úrskurðaður í þann 20. júlí sl., framlengist, þó eigi lengur en
til miðvikudagsins 23. nóvember n.k.